

## 47. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar þriðjudaginn 6. maí 2008, kl. 16:15.

Varaformaður bæjarráðs, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson setti fundinn og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

### Dagskrá:

1. Fundargerðir:
    - a) Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra, 5. apríl 2008
    - b) Iðjunefndar A-Hún 14. mars 2008
  2. Staðardagskrá 21 – Skipun nefndar
  3. Styrkur vegna forvarnarverkefnisins „Hugsað um barn“ dags. 18. apríl 2008
  4. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags
  5. Auglýsing til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2007-2008
  6. Ályktun frá Stéttafélaginu Samstöðu dags. 28. apríl 2008
  7. Erindi frá Herði Ríkharróssyni, dags. 18. mars 2008
  8. Erindi frá Heiðari Óskarssyni, dags. 29. apríl 2008
  9. Samningur við Hvöt – vallarsamningur
  10. Samstarfsverkefni í Austur-Húnavatnssýslu
  11. Önnur mál
- 

### Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
  - a) Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra, 5. apríl 2008  
*Lögð fram til kynningar*
  - b) Iðjunefndar A-Hún 14. mars 2008  
*Lögð fram til kynningar.*
2. Staðardagskrá 21 – Skipun nefndar  
*Ákveðið hefur verið í bæjarstjórn að innleiða Staðardagskrá 21 í tengslum við aðalskipulagsgerð. Nauðsynlegt er að skipuð verði nefnd sem muni leiða og vinna að slíkri innleiðingu. Bæjarstjóra falið að tilnefna fulltrúa í nefndina.*
3. Styrkur vegna forvarnarverkefnisins „Hugsað um barn“ dags. 18. apríl 2008  
*Grunnskólinn á Blönduósi hefur hug á að fara í forvarnarverkefni á vordögum sem kallast „Hugsað um barn“. Verkefnið snýst um það að unglingum er fallin umsjá tölvustýrðar dúkkur sem eru forritaðar eins og um raunveruleg börn séu að ræða. Unglingarnir þurfa að sinna öllum þeirra þörfum jafnt að nóttu sem degi.*  
  
*Bæjarráð samþykkir kr. 70.000 styrk.*
4. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags  
*Fært í trúnaðarbók*
5. Auglýsing til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2007-2008  
*Með auglýsingunni vill ráðuneytið gefa sveitarstjórnnum kost á að sækja um byggðakvóta. Bæjarstjóri upplýsir að Blönduóssbær sótti um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2007-2008 með sams konar rökstuðningi og undanfarin ár.*

**6. Ályktun frá Stéttafélaginu Samstöðu dags. 28. apríl 2008**

*Lögð fram til kynningar.*

*Bæjarráð tekur undir það sjónarmið sem kemur fram í ályktun Samstöðu og jafnframt vísar til bókunar bæjarráðs frá 19. mars sl.*

*Ágúst Þór Bragason og Valdimar Guðmannsson óskuðu að fram kæmi að þeir óttast að fyrirhuguð sameining veiki starfsemi HSB. Því sé rétt að fresta sameiningunni og taka upp samráð við heimamenn um framtíð stofnunarinnar.*

**7. Erindi frá Herði Ríkharðssyni, dags. 18. mars 2008**

*Fer fram á að bæjaryfirvöld taki gjaldskrá fyrir beitarhólf til endurskoðunar.*

*Afgreiðsla: Sjá lið 11. a)*

**8. Erindi frá Heiðari Óskarssyni, dags. 29. apríl 2008**

*Fer fram á að bæjaryfirvöld taki gjaldskrá fyrir beitarhólf til endurskoðunar*

*Afgreiðsla: Sjá lið 11. a)*

**9. Samningur við Hvöt – vallarsamningur**

*Bæjarstjóri lagði fram drög að samningi við Ungmennafélagið Hvöt um rekstur Blönduóssvallar. Bæjarráð samþykkir samninginn og felur bæjarstjóra að undirrita samninginn.*

*Samningurinn felur í sér kostnaðarauka sem vísast til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2008.*

**10. Samstarfsverkefni í Austur-Húnavatnssýslu**

*Málinu vísað til bæjarstjórnar*

**11. Önnur mál**

**a) Ályktun fundar í Hesteigendafélagi Blönduóss**

*Lögð fram til kynningar.*

*Bæjarráð samþykkir að fella niður tvo síðustu gjalddaga álagningu 2008 fyrir leigu á beitarhólfi til að koma á mótis við sjónarmið hestamanna.*

*Jafnframt að halda fund með bæjarstjórn og hestamönnum um sameiginleg málefni.*

**b) Húsnæðismál**

*Bæjarstjóri fór yfir leiguíbúðir á Blönduósi og kynnti biðlista. Bæjarstjóra falið að uppfæra og leggja fram gögn á næsta bæjarráðsfundi.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 18:40*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*

*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)*

*Valgarður Hilmarsson (sign.)*

*Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:*

*Valdimar Guðmannsson (sign.)*